

Ég vil læra íslensku, hvað með þig?

Helga Ósk Snædal Þórormsdóttir



Lokaverkefni lagt fram til fullnaðar B.Ed.-gráðu
í grunnskólakennarafræði við Háskóla Íslands, Menntavísindasvið

Apríl 2009

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs

Ég vil læra íslensku, hvað með þig?

Eigindleg rannsókn á viðhorfum nýbúa til íslenskukennslu á vef

Helga Ósk Snædal Þórormsdóttir
010685-2819

Háskóli Íslands
Menntavísindasvið
Kennaradeild, grunnskólakennarafræði
Apríl 2009

Ágrip

Ég vil læra íslensku, hvað með þig? er námsvefur sem var gerður af rannsakanda þessa lokaverkefnis. Til að gera námsvef var nauðsynlegt að fá yfirsýn og hugmynd um hvers konar námsefni nýbúar vilja læra. Talið var að með því að afla upplýsinga um upplifun og viðhorf þeirra til þess námsefnis sem þeir læra fengi höfundur betri heildarmynd á reynslu þeirra. Þess vegna ákvað höfundur að gera eigindlega rannsókn þar sem tekin voru opin viðtöl við fjóra nýbúa, tvo stráka og tvær stelpur á aldrinum 10–15 ára. Auk þess var gerð vettvangsathugun í þekktum grunnskóla sem hefur góða reynslu af móttöku nýbúa og fjölmenningslegri kennslu. Þar var fylgst með hópi nýbúa í íslenskukennslu, auk þess sem fylgst var með einstaklingum sem voru í sérkennslu í íslensku. Í vettvangsathuguninni kom í ljós að kennarar notast mikið við myndrænt námsefni. Í opnu viðtölunum kom fram að nýbúum finnst erfiðast að læra íslensku bókstafina og þau hljóð sem þeir eiga. Allir nýbúar áttu það sameiginlegt að hafa lært íslensku með svokölluðum spjöldum með mynd á og heiti myndarinnar fyrir neðan. Höfundur tók mið af þessum niðurstöðum við gerð námsvefsins. Námsvefurinn er ekki viðamikill en gefur hugmynd um hvers konar efni mætti tefla fram fyrir nýbúa í íslenskukennslu.

Formáli

Hugmyndin að þessu lokaverkefni var fengin í vettvangsnámi á Eskifirði. Það vildi svo til að forstöðumaður fjölmeningarseturs Austurlands kom í skólann þar sem hann hélt kynningu fyrir kennara á starfsemi fjölmeningarsetursins.

Rannsakandi vildi kynna sér starfsemi þess betur að vettvangsnámi loknu og í kjölfarið jókst áhugi á málefnum nýbúa.

Námsvefur var mjög ofarlega í huga hjá höfundi um leið og hann skráði aðalkjörsvið sitt í upplýsingatækni. Það hafa verið búnir til ýmsir námsvefir fyrir nýbúa en rannsakandi vildi bæta um betur og spyrja nýbúa sem höfðu búið á Íslandi í nokkur ár um reynslu þeirra og biðja þá að lýsa því hvernig vef þeir myndu vilja. Tekið var mið af viðhorfum nýbúa og kenningum fræðimanna við gerð vefsins. Vefurinn er aðgengilegur fyrir nýbúa á öllum aldri, hann var fyrst og fremst búinn til fyrir nýbúa á aldrinum 8–15 ára en eftir því sem vefurinn hefur þróast hentar hann fullorðnum ekki síður.

Ritgerðin er 10 eininga lokaverkefni lögð fram til fullnaðar B.Ed.-gráðu í grunnskólakennarafræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Leiðsögukenningar mínir eru Torfi Hjartarson lektor í kennslufræði og upplýsingatækni og Jóhanna Rósa Arnardóttir forstöðumaður Rannsóknaseturs í barna- og fjölskylduvernd. Ég kann þeim mínar bestu þakkir fyrir góða leiðsögn og ómældan stuðning. Auk þess vil ég þakka skólastjórnendum, nemendum og foreldrum því án þeirra hefði aldrei orðið af rannsókninni og því síður námsvefnum.

Helga Ósk Snædal Þórormsdóttir

INNGANGUR	5
1.0 TILGANGUR OG MARKMIÐ VERKEFNIS	6
1.1 Tölfræðilegar upplýsingar	6
1.2 Upplýsingatækni í kennslu	6
1.3 Stefna ríkisstjórnarinnar	7
1.4 Tölvur og net	8
2.0 AÐALNÁMSKRÁ GRUNNSKÓLA	8
2.1 Tengsl Aðalnámskrár við nýbúa	9
2.2 Tengsl Aðalnámskrár við upplýsingatækni	9
3.0 AÐFERÐAFRÆÐI	10
3.1 Fyrri rannsóknir	10
3.2 Rannsóknaraðferð	10
3.3 Þáttakendur	11
3.3.1 Þáttakendur í eigindlegu viðtölunum	11
3.3.2 Þáttakendur í vettvangsathugun	11
3.4 Rannsóknarsnið	12
3.5 FRAMKVÆMD	12
3.5.1 Opin viðtöl	12
3.5.2 Vettvangsathugun	13
3.5.3 Úrvinnsla og greining gagna	13
3.6 Kostir og gallar eigindlegra rannsóknaraðferða	14
3.7 Áreiðanleiki og réttmæti	14
3.8 Siðferðilegi þátturinn	15
4.0 VIÐTÖL VIÐ NEMENDUR	17
4.1 Lífsreynsla þeirra í skólum á Íslandi	17
4.2 Tölvukennsla	18
4.3 Tungumálakunnátta heima fyrir	19
4.4 Námsefni sem hentaði þeim best	19
5.0 KENNINGAR	21
5.1 Kenningar Ehri	21
5.2 Umskráningarlíkan (bottom–up model of reading)	23
5.3 Tengsl kenninga og umskráningarlíkans	23
5.4 Tilfinningar	24
5.5 Aðrar kenningar	24
6.0 NÁMSVEFURINN	26
7.0 SAMANTEKT	27
8.0 HEIMILDIR	29

Inngangur

Þessi rannsókn er gerð vegna áhuga höfundar á upplýsingatækni og málefnum nýbúa hér á landi. Höfundur vill búa til námsvef fyrir nýbúa til íslenskukennslu. Höfundur mun styðjast við kenningar ýmissa fræðimanna, þróunarverkefni og viðhorf nýbúa. Rannsóknarspurningin sem leitað var svara við var: Hvers konar námsefni á vef hentar best fyrir nýbúakennslu? Tilgátan er sú að hugsanlega henti einföld íslenskukennsla best þar sem farið er yfir stafrófið, málfræðina og stafsetningu. Þessi tilgáta höfundar byggist á því efni sem hann hefur lesið sér til um íslenskukennslu nýbúa og reynslu hans að kennslu nýbúa. Áður en ráðist var í að gera námsvef fyrir nýbúa var nauðsynlegt að velja fyrir sér spurningunni hvort einhverjar rannsóknir væru til sem sýndu fram á að námsefni á vef myndi auka tungumálakunnáttu nemenda og hvort upplýsingatækni væri gott tæki til kennslu. Nokkrar rannsóknir voru skoðaðar og er gerð grein fyrir tveimur þeirra hér að neðan. Önnur rannsóknin sýnir hvernig upplýsingatæknin getur einfaldað kennslu og aukið námsgetu og hin rannsóknin sýnir fram á að námsefni á vef getur aukið tungumálakunnáttu nemenda. Höfundur taldi mikilvægt að tengja námsvefinn markmiðum yfirvalda, í ritgerðinni er því vísað í *Aðalnámskrá grunnskóla*, stefnu ríkisstjórnarinnar og rannsókna frá Hagstofu Íslands. Auk þess er fjallað um upplýsingatæknina og aðeins komið inn á sögu hennar.

Í þessari ritgerð er gerð grein fyrir eigindlegum viðtölum sem tekin voru við fjóra nýbúa sem höfðu flust hingað fyrir fáeinum árum og vettvangsathugun sem gerð var í grunnskóla sem hér eftir verður kallaður Hvítárskóli. Skólinn er með þekktu móttökudeild fyrir nýbúa og fjölmennigarlega kennslu.

Ritgerðin fjallar um rannsóknina í heild sinni og niðurstöðurnar sem fengust í rannsókninni. Gerð verður grein fyrir niðurstöðum úr rannsókninni og útskýrt hvernig viðhorf .þátttakenda, kennara og kenningar fræðimanna fléttuðust inn í vinnu og útfærslu vefsins.

1.0 Tilgangur og markmið verkefnis

1.1 Tölfræðilegar upplýsingar

Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands voru nýbúar á Íslandi um 25.265 árið 2008 eða 8,1% af mannfjöldanum hér á landi. Það er nærrum því jafnmikið og í Danmörku og Noregi (Hagstofa Íslands, 2008). Ísland er orðið fjölmenningslegt samfélag og tækifærin biða þarna úti fyrir nýbúa rétt eins og okkur hin. Til þess að fá vinnu í dag þarf í flestum tilfellum að búa að traustri menntun og góðri tölvukunnáttu. Nýbúar eru nýir Íslendingar og rétt eins og önnur börn eru þeir framtíðin og von okkar um gott samfélag. Þess vegna er það í höndum kennara að mennta þessa nýju Íslendinga eins vel og hægt er svo þeir hafi jafn mikla möguleika og aðrir.

1.2 Upplýsingatækni í kennslu

Undanfarin ár hefur upplýsingatækni orðið æ stærri hluti af skólaumhverfinu. Ekki einungis grunnskólar notast við upplýsingatækni heldur eru margir leikskólar búnir að innleiða árangursríka upplýsingatækni inn í skólastarf sitt. Á komandi árum má ætla að upplýsingatækni verði enn stærri þáttur í skólaumhverfinu. Bresk rannsókn *Evaluation of the ICT Test Bed project* var gerð á árunum 2002–2006. Rannsakað var hvaða áhrif það hefði á nemendur að leiða upplýsingatækni inn í skólastarfið. Tuttugu og átta skólar tóku þátt í rannsókninni og fengu allir ákveðna fjárveitingu sem nýta átti fyrir tölvur og hugbúnað. Rannsóknin tók 4 ár og niðurstöður úr rannsókninni sýndu að útkomur prófa af landsvísu voru mun betri en áætlað var, andrúmsloftið í kennslustofunni hafði breyst til muna þar sem nemendur skiluðu ekki verkefnum sínum á blaði heldur sendu þeir verkefni til kennarans í gegnum tölvu. Námsval nemenda jókst til muna þar sem valmöguleikarnir voru fleiri og komu til móts við ólíkar þarfir einstaklinga. Í heildina séð unnu nemendur og kennarar nánar saman við að setja nemendum námsmarkmið sem auðveldaði kennurum að fást við námsmat. Kennarar vöndust því að nota tæknina og urðu færari í því, þannig minnkaði vinnuálag við undirbúning og auðveldara var að halda um vinnu nemenda

(Somekh, B. og Underwood, J. Convery, A. Dillon, G. Jarvis J. Lewin, C. Mavers, D. Saxon, D. Sing, S. Steadman, S. Twining, P. Og Woodrow, D., 2007).

1.3 Stefna ríkisstjórnarinnar

„Upplýsingasamfélagið er hugtak sem notað hefur verið um samfélagsgerð okkar“

(Davíð Oddsson, 2004–2007, bls. 4).

Á síðu forsætisráðuneytisins má lesa um upplýsingastefnu ríkisstjórnarinnar sem nefnist *Auðlindir í allra þágu* og var hún í gildi frá árunum 2004–2007. Stefna ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2008–2012 hefur verið gefin út. Hún fjallar um rafrænar greiðslur á netinu og hvernig Ísland geti orðið netríki með gæðapjónustu og sjálfsafgreiðslu á einum stað (stefna ríkisstjórnarinnar, 2008–2012). Stefnan fjallar ekki mikið um upplýsingatækni tengda skólastarfi og er þess vegna vísað til stefnu ríkisstjórnarinnar frá árunum 2004–2007 um þau efni. Í þeirri stefnu er markmiðið að Íslendingar verði fremstir þjóða í notkun á upplýsingatækni. Markmiðin sem meðal annars eru höfð til hliðsjónar í þessu verkefni eru að hver einstaklingur búi við fjölbreytt tækifæri á Íslandi. Til að ná þeim markmiðum sem ríkisstjórnin hefur sett sér þarf samfélagið að axla ábyrgð og vinna að því að nýta upplýsingatæknina í þágu landsmanna. Með því að nýta möguleika upplýsingatækninnar í menntun, menningu og á öðrum sviðum er stuðlað að auknum lífsgæðum og þroska einstaklinga (stefna ríkisstjórnarinnar, 2004–2007, bls. 5). Stuðla á að því að nám verði óháð stað og stund og menntastofnanir eru hvattar til að auka möguleika náms á netinu. Upplýsingatækni verði notuð til að efla endurmenntun og auka samvinnu milli heimila, skóla og atvinnulífs. Átak verði í gerð námsefnis sem tekur mið af nýjum hugmyndum upplýsingatækninnar og samkeppni í námsefnisgerð færast í aukana (stefna ríkisstjórnarinnar, 2004–2007, bls. 15).

Samkvæmt Hagstofu Íslands voru um 92% landsmanna með tölvu á heimilinu árið 2008 og samkvæmt þessum tölum er hægt að áætla að margir hafi aðgang af tölvum. Ef aðgangur er ekki til staðar eiga nemendur vonandi einhvern aðgang af tölvum í skólanum (Hagstofa Íslands, 2008).

1.4 Tölvur og net

Netið gerir fólki mögulegt að öðlast aðgang að upplýsingum, setja inn eigið efni og lesa efni annarra. Netið er ekki nýr fjölmiðill sem tekinn er við af sjónvarpinu, bókinni eða útvarpinu heldur er um miklu flóknara fyrirbæri að ræða (Kozma, 1994, bls. 12–13). Einn þeirra manna sem er sammála þessu er Robert McClintock. Hann hefur mikla reynslu af netinu og skipulagi þess. Hann telur að þegar nemendur í grunnskólum fari að hafa greiðari aðgang að upplýsingum og þekkingu af netinu geti þeir öðlast jafnmikla þekkingu og nemendur í háskóla. Þegar þekkingin verður öll komin á Netið og nemendur verða farnir að nýta sér hana mun kennslubókin verða úrelt (McClintock, 1997). Í kjölfar þessa verður innra skipulag skólanna að breytast, námskráin verður að taka mið af tækninni og hugmyndafræðin, sem námskráin byggist nú á, verður að breytast (McClintock, 1997). Sigurjón Mýrdal hefur fjallað mikið um tæknivædda skóla og menntakerfið í heild sinni. Hann lýsir námskránni sem vel útfærðri áætlun með skýr markmið og nákvæmar kennsluáðferðir. Til að skýra mál sitt enn frekar bendir hann á að enska eða latneska orðið yfir námskrá er curriculum sem þýðir hlaupabraut. Hún er línuleg og fyrirfram ákveðin. Sigurjón telur að með tækninni fylgi ný markmið og annað skipulag þar sem ekki er fyrirfram ákveðin upphaf og endir (Sigurjón Mýrdal, 1996). Það er fróðlegt að sjá umræður frá 1994-1997 um tæknina og þær framfarir sem hún muni hafa á skólaumhverfið. Sigurjón talar um að námskráin eigi ekki að vera fyrirfram ákveðin, enn í dag er hún samt sem áður fyrirfram ákveðin af menntamálaráðuneytinu. Upplýsinga og tæknimennt er orðinn einn hluti námskrárinnar en námskráin er enn eins og línuleg hlaupabraut. Því er við hæfi að setja fram markmið *Aðalnámskrá grunnskóla* hér að neðan.

2.0 Aðalnámskrá grunnskóla

Aðalnámskrá grunnskóla er gerð af menntamálaráðuneyti Íslands.

Aðalnámskráin er leiðarvísir fyrir grunnskóla. Kennurum er ætlað að fara eftir námskránni að einhverju leyti. Markmið fyrir hvern bekk eru sett fyrir og sérstök lokamarkmið eru sett fram í 4. 7. og 10. bekk. Ef þessum markmiðum hefur ekki verið náð í lok hvers bekkjar, hefur námskránni ekki verið fylgt nógu ítarlega. Ýmsar reglugerðir eru í námskránni um nýbúa og upplýsingatækni. Þar sem báðar þessar reglugerðir koma við sögu við gerð námsvefsins er við hæfi að fjalla um þær hér að neðan (*Aðalnámskrá grunnskóla*, 1999, bls. 20).

2.1 Tengsl Aðalnámskrár við nýbúa

Janfrétti til náms felur í sér að bjóða öllum nemendum nám og kennslu við hæfi og gefa þeim tækifæri til að spreyta sig. Verkefnið eiga að höfða til allra hvort sem nemendur eru karlkyns eða kvenkyns, koma úr dreifbýli eða þéttbýli, eru fatlaðir eða ófatlaðir og óháð menningarheimum, trú og litarhætti (*Aðalnámskrá grunnskóla*, 2006, bls 9).

*Í aðalnámskrá grunnskóla eru í fyrsta sinn sett ákvæði um sérstaka íslenskukennslu fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku ... Markmið fyrir íslenskukennslu nýbúa og heyrnarlaustra og tákmarkskenndu falla undir námssvið íslensku í grunnskóla. Nemendur með annað móðurmál en íslensku hafa ólíkan menningarlegan, mállegan og námslegan bakgrunn. Þessir nemendur hafa því misjafnar forsendur til að takast á við almennt nám í íslenskum skólum. Nemendurnir eiga rétt á því að fá sérstaka íslenskukennslu í grunnskólum með það að markmiði að þeir verði hæfir til að taka fullan þátt í skólastarfi og íslensku samfélagi (*Aðalnámskrá grunnskóla*, 2006, bls. 22).*

2.2 Tengsl Aðalnámskrár við upplýsingatækni

Notkun upplýsingatækni á að vera hjálpartæki fyrir allar námsgreinar. Í hverri námsgrein fyrir sig verður að nýta þau tækifæri sem upplýsingatæknin býður upp á (*Aðalnámskrá grunnskóla*, 2006, bls. 10).

3.0 Aðferðafræði

Í þessum aðferðafræðikafla verður greint frá rannsóknum sem voru skoðaðar áður en þessi rannsókn fór fram og gerð verður grein fyrir þeirri aðferðafræði sem beitt var í þessari rannsókn. Farið verður yfir helstu kosti hennar og galla. Gerð verður grein fyrir rannsóknarspurningunni og tilgátu rannsókanda. Rökstutt verður val á aðferðum, gagnaöflunaraðferðin útskýrð og hvernig greining á gögnum fór fram. Þáttakendum verður lýst sem og áreiðanleika og réttmæti rannsóknarinnar. Síðast en ekki síst verður fjallað um siðferðilega þáttinn í rannsókninni.

3.1 Fyrri rannsóknir

Lítið virðist um rannsóknir þar sem námsefni á vef er rannsakað. Ein rannsókn sem fannst spannar árin 1990–2000. Þar kom fram að tungumálakunnátta gæti aukist við notkun á tölvum. Auk þess kom fram að sjónrænn miðill eins og tölvur, myndu bæta orðaforða og lestur. Í rannsókninni er greint frá því að ekki er nógu mikið mið tekið af hlustun og málfærni heldur er mest skrifað um lestur og skriftarkunnáttu. Ekki er hægt að fullyrða að upplýsingatækni hafi áhrif á bættu tungumálakunnáttu. Meirihluti nemenda reyndist vera áhugasamari, jákvæðari og opnari gagnvart því að læra tungumálin í gegnum tölvur. T.d. voru 92% nemanda sem töldu betra að læra orðaforða á netinu, þau álitu það „góða skemmtun“ og 88% nemenda sögðu tölvunámið vera ágætis viðbót við aðrar aðferðir til að læra orðaforða. Nemendur virtust ekki finna fyrir jafnmiklum kvíða þegar þeir notuðu tölvur í tungumálakennslu og þar af leiðandi sóttist námið betur. Flestum nemendum líkaði vel að geta unnið á sínum hraða og notað tölvur til þess (Liu, M. Moore, Z. Graham, L. Lee, S., (1990-2000, 23–24).

3.2 Rannsóknaraðferð

Eftir val á rannsóknarefni var sett fram rannsóknarspurningin: Hvers konar námsefni á vef hentar best fyrir nýbúakennslu? *Tilgátan er sú að hugsanlega henti best einföld íslenskukennsla þar sem farið er yfir stafrófið, málfræðina og hvernig bera á fram orð.* Til þess að leita svara við þessari spurningu var ákveðið að notast við tvær eigindlegar rannsóknir, opin viðtöl og hins vegar

vettvangsathugun. Opin viðtöl er eigindleg könnunaraðferð sem byggist á samræðum rannsakanda við hvern einstakling fyrir sig um ákveðið málefni þar sem kafað er djúpt í þau. Reynt er að komast að ýmsu sem ekki er auðvelt að útskýra á einfaldan og fljótlegan hátt. Til að fá viðhorf nýbúa til íslenskukennslu á vef var ákveðið að notast við þessa rannsóknaraðferð þar sem mikilvægt er að kafa djúpt og fá þeirra upplifun af komu þeirra til landsins, fá að vita hvernig þeim fannst best að læra og hvað hjálpaði þeim mest. Talið var að svör við þessum spurningum fengjust frekar ef rætt væri við hvern einstakling fyrir sig og kafað djúpt í hans lífsreynslu af nýbúakennslu.

Vettvangsathuganir eru rannsóknir þar sem fylgst er með viðfangsefninu og skráðar athugasemdir. Vettvangsathugun var valin þar sem rannsakandi vildi fylgjast með í grunnskóla þar sem nýbúakennsla og móttökudeild nýbúa er starfrækt. Fylgst var með nemendum frá mismunandi menningarheimum sem lögðu stund á íslenskunám. Þeir einstaklingar sem eiga í sérstökum erfiðleikum með íslenskuna eiga þess kost að stunda sérnám þar sem sérkennari leggur mikla áherslu á tölvur.

3.3 Þátttakendur

Hér fyrir neðan verður gerð grein fyrir þeim þátttakendum sem tóku þátt í rannsókninni. Þátttakendurnir njóta allir fyllsta trúnaðar.

3.3.1 Þátttakendur í eigindlegu viðtölunum

Tekið var viðtal við fjóra nemendur sem tók um 30 til 45 mínútur á hvern nemanda. Þátttakendur voru á aldrinum 10–15 ára. Miðað var við að þátttakendur hefðu búið á Íslandi í tvö ár svo þeir hefðu nægan skilning á þeim spurningum sem voru lagðar fyrir þá. Þátttakendur komu hver úr sínum skóla, tvær stelpur og tveir strákar. Það var gert til að tryggja jafnræði, fjölbreytni og gera rannsóknina marktækari.

3.3.2 Þátttakendur í vettvangsathugun

Vettvangsathugunin fór fram þar sem góð reynsla er af nýbúakennslu. Mikilvægt var að komast að því hvers konar nýbúakennsla færi þar fram. Fylgst var með nýbúum sem voru saman að læra íslensku og einnig nemendum sem voru í

sérkennslu. Vettvangsathugunin tók einn dag, rannsakandi ræddi við nemendur sem voru í sérkennslu, þeir voru spurðir spurninga eins og hvað þeim fyndist skemmtilegast að læra, hvað þeim fyndist gagnlegast að læra og fleiri spurninga til að fá ákveðna sýn á námsefni þeirra.

3.4 Rannsóknarsnið

Rannsóknarsniðið er eigindleg rannsókn sem byggð er á opnum viðtölum við einstaklinga. Auk þess var gerð vettvangsathugun á kennslu nýbúa hér á landi.

3.5 Framkvæmd

3.5.1 Opin viðtöl

Haft var samband við skólastjórnendur fjögurra skóla, rannsóknin útskýrð og þeir spurðir hvort einhver nýbúi væri í skólanum sem hefði flust hingað fyrir meira en tveimur árum. Skólastjórnendur völdu þátttakendur þannig að rannsakandi hafði engin áhrif á hverjir yrðu í rannsókninni. Tekið var viðtal við fjóra þátttakendur, einn úr hverjum skóla. Viðtölin tóku frá 35–45 mínútum og fóru fram í þeim skólum sem þátttakendur sóttu. Það var gert svo þeir hefðu kunnuglegt umhverfi og væru í aðstæðum sem þeir könnuðust við. Áður en viðtölin hófust var þátttakendum tilkynnt að rannsóknin er B.Ed.-verkefni í kennaradeild við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og tilgangurinn væri að vinna kennsluefni fyrir nýbúa á vefnum. Við rannsóknina yrði gætt fyllsta trúnaðar og engar upplýsingar veittar sem kæmu upp um þátttakendur. Þegar kynningunni á verkefninu var lokið bað rannsakandi um leyfi til þess að taka viðtölin upp og var það veitt í öllum tilvikum. Viðtölin gengu vel og þátttakendur virtust skilja spurningarnar sem fyrir þá voru lagðar. Þrátt fyrir mismunandi bakgrunn, mismunandi skóla og mismunandi námsefni áttu þátttakendur það allir sameiginlegt að þeim fannst sérstaklega gott að læra íslensku með því að fá myndir og heitið á myndinni fyrir neðan hana. Viðtölin voru mjög gagnleg og þegar heim var komið voru margar athugasemdir sem nauðsynlegt var að lesa inn á upptökutækið og rita svo niður.

3.5.2 Vettvangsathugun

Hvítárskóli er þekktur fyrir fjölmenningslega kennslu og vildi rannsakandi þess vegna gera vettvangsathugun sína þar. Haft var samband við deildarstjóra móttökudeildar og beðið um leyfi til að koma og fylgjast með starfseminni þar. Hægt var að koma einn dag þar sem mikil eftirspurn er eftir því að koma og fylgjast með. Rannsakandi var inni í bekkjarstofu þar sem hópur nýbúa lærði íslensku saman og fylgdist vel með kennsluaðferðum kennara og áhuga nemenda. Kennari notaðist við mjög einfaldar setningar úr daglegu lífi og bað nemendur um að gefa sér dæmi um setningar sem þeir höfðu heyrt en ekki skilið nógu vel. Kennarinn skrifaði þær setningar upp á töflu og gerði betur grein fyrir þeim. Þessi hópur nýbúa hafði verið hér í rúmlega eitt ár og var því kominn langt á leið í íslensku. Rannsakandi fékk einnig tækifæri til að fara í sérkennslu þar sem verið var að kenna nemendum sem hafa ekki náð góðum tókum á íslenskunni. Sérkennari var að kenna þeim í tölvum þar sem þeir voru að skoða myndir og áttu að skrifa heitið á myndinni fyrir neðan. Nýbúarnir hlustuðu líka á stuttar setningar og áttu að skrifa setningarnar eftir minni. Þannig sagðist kennarinn vera að þjálfra fingrasetningu, íslenskufærni og stafsetningu þeirra. Síðan benti sérkennarinn á það að fingrasetningu væri mikilvægt að kenna strax í byrjun svo nýbúar næðu sem fyrst tókum á henni.

3.5.3 Úrvinnsla og greining gagna

Til að vinna úr þeim gögnum sem rannsakandi hafði aflað var notast við upptökutækið sem tekið hafði verið upp á í viðtölunum. Til að hlusta á viðtölin var notast við forritið *Digital Wave Player* þar sem hljóðskránum er hlaðið inn og svo hægt að hlusta á þær í tölvu. Viðtölin voru afrituð orðrétt upp og athugasemdir rannsakanda skrifaðar um leið. Þegar því var lokið voru viðtölin lesin mörgum sinnum yfir. Gögn voru í framhaldinu greind frekar, notast var við opna kóðun sem er kóðunaraðferð þar sem viðtölin eru kóðuð. Kóðanirnar voru um 10 talsins en þegar rannsakandi hafði farið betur yfir þær voru um 5 þemu sem þátttakendur áttu sameiginleg og hægt var að nota frekar við gerð námsvefsins.

3.6 Kostir og gallar eigindlegra rannsóknaraðferða

Það fylgja kostir og gallar hverri rannsóknaraðferð. Í þessu tilfalli var talið henta að notast við eigindlega rannsóknaraðferð þar sem rannsakendur telja að til að skilja félagslega hegðun sé nauðsynlegt að nota vettvangsathugun og opin viðtöl. Þær leiðir eru nógu næmar til að fanga blæbrigði mannlífsins. Eigindleg rannsókn hefur þann eiginleika að hún nálgast viðfangsefnið frá persónulegra sjónarhorni en meginleg rannsókn myndi gera. Kafað er djúpt í málefnið og reynt að komast að ýmsu sem einstaklingar eiga ekki auðvelt með að útskýra á einfaldan og fljótlegan hátt. Viðtölin geta farið fram á ýmsum stöðum t.d. á vinnustað þess sem spurður er, heimili eða á öðrum stað sem hentar. Markmið með opnum viðtölum er að finna rauðan þráð í frásögnum þátttakenda um ákveðið málefni sem gefa vísbendingu um stöðu og þróun málefnisins. Rauði þráðurinn veitir innsýn í huga þátttakenda og gerir rannsakanda kleift að setja sig í spor þátttakenda (McMillan, 2008, bls. 32-40).

Gallinn við eigindlega rannsókn er sá að erfitt getur verið að vera hlutlægur í eigindlegum rannsóknum, að komast hjá því að segja sína skoðun eða að láta sína skoðun vera áberandi. Auk þess er rætt við fáa einstaklinga og þeir þurfa ekki að endurspegla viðhorf eða reynslu annarra einstaklinga, svo að hafa þarf fyrirvara á að alhæfa niðurstöður yfir á samfélagið í heild

3.7 Áreiðanleiki og réttmæti

Til þess að rannsóknin yrði sem áreiðanlegust voru viðtölin tekin upp á upptökutæki og svo afrituð orð fyrir orð. Til þess að rannsóknin yrði marktækari voru skólastjórnendur beðnir um að velja þátttakendur í rannsóknina svo rannsakandi myndi ekki hafa áhrif á val á þátttakendum sem eykur hlutleysi rannsóknarinnar og dregur úr áhrifum rannsakanda á niðurstöðurnar.

3.8 Siðferðilegi þátturinn

Samkvæmt James H. McMillan eru 10 siðareglur sem þarf að fara eftir þegar verið er að gera rannsókn. Rannsakandi telur sig hafa farið eftir öllum þeim siðareglum. Fyrsta siðareglan er að rannsakandi er ábyrgur fyrir því að allt sé siðferðilega rétt í rannsókninni. Önnur reglan er að láta þátttakendur vita um allt sem viðkemur rannsókninni, það var gert hér með því að útskýra rannsóknina fyrir viðmælendum og láta skólastjórnendur útskýra rannsóknina fyrir þeim um leið og þeir spurðu þátttakendurna hvort þeir hefðu áhuga á þátttöku. Þriðja reglan er að vera alltaf opinn og heiðarlegur gagnvart viðmælandanum og láta ekkert liggja á milli hluta, samt sem áður halda sig í hæfilegri fjarlægð og verða ekki of persónulegur, það var gert hér þar sem útskýrt var fyrir viðmælandanum út á hvað rannsóknin gengi og honum sagt að rannsakandi myndi greina gögnin en samt sem áður gæta þess að engar persónuupplýsingar kæmu fram. Fjórtá reglan er sú að viðmælendum á alltaf að vera hlífð við andlegum erfiðleikum. Það getur haft slæm áhrif á geðheilsuna eða andlega líðan að rifja upp gamlar minningar sem hafa ekki verið góðar. Nauðsynlegt var þó að ræða við nýbúa um reynslu þeirra hér og er reynslan mismunandi hjá hverjum og einum. Með það að leiðarljósi voru spurningarnar opnar og ekki of persónulegar þar sem engin nauðsyn var að vita þeirra andlegu líðan heldur einungis námsefnið sem þeim var kennt og þeirra skoðanir á því. Fimmta reglan er sú að þegar verið er að fá gögn eða taka þátttakendur í viðtal eða annað þess háttar verður að fá leyfi foreldra ef þeir eru ekki orðnir nógu gamlir. Til þess að koma til móts við þessa reglu voru skólastjórnendur beðnir um að kynna rannsóknina fyrir foreldrum þátttakenda og afla samþykkis þeirra. Sjötta reglan er sú að þátttakendur mega fara þegar þeir vilja. Enginn fór út í viðtalinu eða leið mjög illa þannig þetta gekk allt mjög vel fyrir sig. Ef einhver hefði viljað fara hefði það verið í lagi og þátttakandanum þakkað fyrir að hafa komið og reynt. Sjöunda reglan er að þrýsta ekki á neinn til að taka þátt, það var ekki þrýst á neinn þar sem allir voru spenntir fyrir þessu og þeim fannst gaman að geta sagt frá reynslu sinni hér. Auk þess hafði rannsakandi ekki samskipti við þátttakendur fyrr en leyfi þeirra fyrir þátttöku í

rannsókninni lá fyrir. Áttunda reglan er sú að halda gögnum leyndum nema annað sé samþykkt frá byrjun, allir þátttakendur og skólar bera önnur nöfn í skýrslunni en í raunveruleikanum og þannig telur rannsakandi að hann hafi gætt fyllsta trúnaðar við þátttakendur. Níunda reglan er sú að ef verið er að safna gögnum í gegnum stofnun á borð við skóla á samþykki stofnunarinnar um gagnasöfnun og úrvinnslu gagna að liggja fyrir áður en hafist er handa. Þessari reglu telur rannsakandi sig hafa fylgt þar sem rætt var við skólastjórnendur og þeir gáfu leyfi til rannsóknarinnar. Tíunda reglan er sú að ef einhver utan við stofnunina hagnast á rannsókninni á að gera stofnuninni grein fyrir því. Rannsóknin getur verið nothæf fyrir þá sem vilja kynna sér hana og skólastjórnendur gerðu sér grein fyrir því í upphafi rannsóknarinnar (Mc.Millan, 2008, 17–18).

4.0 Viðtöl við nemendur

Eins og kom fram hér að ofan voru viðtölin við nýbúana mjög gagnleg og áhugaverð. Þeir virtust allir hafa skoðanir á því hvernig kenna eigi íslensku fyrir nýbúa. Það var skemmtilegt að sjá hvað þeir voru allir sammála um hvað þyrfti að leggja áherslu á þrátt fyrir mismunandi reynslu þeirra af íslenskukennslu hér á landi. Til að fá hjá viðmælendum hugmyndir um vefnámsefni, var nauðsynlegt að fá upplýsingar um þeirra reynslu á Íslandi. Gögnin voru lesin oft yfir, notast var við opnar kóðanir. Þegar upplýsingar eru flokkaðar eftir kóðun er ekki ákveðið fyrirfram hvaða þættir í rannsókninni eru mikilvægastir. Kóðanirnar sem rannsakandi fann voru um 10 fyrst en svo þegar lesið var betur yfir áttu nokkrar þeirra ýmislegt sameiginlegt þannig á endanum voru flokkarnir orðnir fjórir. Fyrsti flokkur er lífsreynsla þátttakenda í skólum, þar sem sagt er frá hvernig tekið var á móti þeim, hvers konar kennslu þeir fengu og hvernig þeim líkaði í skólunum. Annar flokkur er tölvukennsla, þar er sagt frá hvort þeir fengju einhverja tölvukennslu, hvað þeim var kennt í tölvum, hvort þeir hefðu viljað læra meiri íslensku í tölvum og hvort þeim finnst gaman í tölvum. Þriðji flokkurinn er tungumálakunnátta heima fyrir þar er sagt frá hvort foreldrar tala íslensku eða þeirra móðurmál, hvort þeir eiga systkini sem tala íslensku við þá eða hvort þeirra tungumál er algerlega talað heima fyrir og einnig kemur í ljós hvernig foreldrunum gengur að læra íslensku og hvort það hafi haft áhrif á íslenskunám þeirra að foreldrarnir tala ekki íslensku. Fjórdi flokkurinn er námsefni sem hentaði þeim best. Sagt er frá námsefni sem þeim finnst henta fyrir íslenskukennslu, hvernig námsefni þeir halda að sé best til að læra íslensku, hvaða námsefni þeir telja skemmtilegt og hvers konar námsefni þeir hvöttu rannsakanda til að nota. Fjallað verður betur um þessa flokka í undirköflum hér að neðan.

4.1 Lífsreynsla þeirra í skólum á Íslandi

Tveir nýbúar áttu það sameiginlegt að fólk frá þeirra landi sem hafði búið hér lengi tók á móti þeim og aðstoðaði þá við að koma sér fyrir. Fjölskyldumeðlimir

sem höfðu flust hingað til að kynna sér aðstæður hér á landi tóku svo á móti hinum viðmælendunum sem rætt var við.

Það sem einkenndi öll viðtölin var hvernig tekið var á móti nýbúum í skólanum, allir þátttakendurnir sögðust hafa fengið mjög góðar móttökur og bæði kennarar og nemendur hefðu verið mjög skilningsríkir og hjálpsamir. Sumir þátttakendanna fengu strax sérkennslu í íslensku en aðrir voru settir beint í umsjónarþekk. Einn þátttakandinn sem var inni í umsjónarþekk hafði túlk með sér sem reyndist vera kona frá sama landi og hann. Hann sagði að túlkurinn hefði aðstoðað hann og túlkað fyrir hann í tvo mánuði. Annar þátttakandinn sem var hafður inni í þekk fékk engan túlk en hann átti tvo íslenska hálfbræður sem hjálpuðu honum mikið heima fyrir og í skólanum, þótt þeir hafi ekki getað verið inni í þekknunum. Þriðji þátttakandinn sagðist ekki hafa haft túlk heldur verið í sérkennslu eins og greint var frá hér að ofan en í lok viðtalsins greindi hann frá því að pabbi hans, sem hafði komið ári áður til Íslands og hefði verið með honum í sérkennslu fyrstu vikuna og aðstoðað hann þar sem hann hafði lært íslenskuna svo hratt. Fjórdi þátttakandinn fékk einnig að fara í sérkennslu fyrst og kom annað slagið inn í þekk. Það var sérkennari sem var með honum fyrstu tvo mánuðina, en hann sagði að honum fyndist hann oft hafa verið útundan og hefði viljað hlusta meira á skólafélagana þar sem hann lærði mjög mikið af því að hlusta á þá. Þeir sögðust allir hafa fengið mikla hjálp frá skólafélögum og það hjálpaði mikið að hlusta á skólafélagana tala og heyra hvernig bera á fram orðin.

4.2 Tölvukennsla

Þátttakendurnir fengu þá spurningu hvort þeir hefðu fengið íslenskukennslu í tölvum. Engar tölvur virðast hafa verið notaðar við íslenskukennslu nýbúa. Í tölvutímum virtust þeir einungis vera að læra það sem þeir áttu að læra í tölvunotkun og upplýsingatækni, þrír þátttakendanna höfðu aldrei farið í íslenskukennslu á netinu en hefðu þó öll viljað læra í tölvum og einn hafði meira segja orð á því að stafsetningin gæti verið betri ef honum hefði verið kennd meiri íslenska í gegnum tölvur. Þátttakendurnir höfðu allir orð á því að það væri gaman að vera í tölvum og einn þátttakandi sagði:

Ég hugsa að ég hefði verið jákvæðari fyrir íslenskukennslunni ef ég hefði fengið að læra hana í tölvum þar sem mér finnst gaman í tölvunni og hafði lært frekar mikið á tölvu áður en ég fluttist til Íslands ... sko það hefði sko æi bara verið mikið skemmtilegra og mér hefði viljað það ...

Annar þátttakandi sagðist vera að hjálpa foreldrum sínum núna að læra íslensku á netinu og fyndist það mjög skemmtilegt. Það virðist því lítið um það í þessum skólum að nota tölvu til að hjálpa nýbúum að læra íslensku. Þrátt fyrir mikinn áhuga þeirra á tölvum.

4.3 Tungumálakunnátta heima fyrir

Það einkenndi alla þátttakendurna að það varð vandræðaleg þögn þegar spurt var hvort foreldrarnir töluðu einhverja íslensku, þeir sögðu að þeir væru alltaf að reyna læra íslensku en það gengi misvel, samt hefðu þeir farið á íslenskunámskeið en það væri mjög mismunandi hvernig það gengi. Aftur á móti væru foreldrarnir oft á netinu að reyna læra meiri íslensku. Einn faðirinn sem hafði flust hingað ári áður náði íslenskunni strax og byrjaði að kenna fjölskyldunni íslensku um leið og hún kom til landsins enda var það sami þátttakandi og náði íslenskunni mjög vel á tveimur mánuðum. Þrátt fyrir slakan árangur foreldra í íslensku töluðu þátttakendurnir góða íslensku og má ætla að það sé vegna þess að máltaka barna er mun betri en fullorðna, þar sem börn læra tungumál mjög hratt. (Sigríður Sigurjónsdóttir, 2000, bls. 30-33).

4.4 Námsefni sem hentaði þeim best

Það var merkilegt að allir þátttakendurnir sögðust fyrst hafa fengið mynd af einhverju þar sem nafnið á myndinni var skrifað fyrir neðan og svo áttu þau að skrifa það aftur eða lesa það. Heiti þess sem var á myndinni var svo skrifað niður. Þeim þótti þetta öllum mjög gagnleg kennsluáferð og minntust á að krossgátur hefðu verið erfiðasta verkefnið þegar þau voru að læra íslenskuna. Þau voru þó öll sammála um að fallorðin eða málfræðin væri það erfiðasta sem maður lærir í íslensku og þau séu enn í vandræðum með þann hluta

íslenskunnar. Þeir sögðust allir læra mjög mikið af að hlusta á skólafélagana tala. Það sem mér fannst allra merkilegast var hvernig sum þeirra töluðu um stafrófið en einn þátttakandinn sagði:

Stafrófið á íslensku er sko eiginlega alveg eins og stafrófið mitt en samt er það allt öðruvísi en svona sko sumir stafir sem eru bara alveg eiginlega eins þeir sko hljóma samt allt öðruvísi á Íslandi þannig ég á þínu erfitt með að hljóða þá rétt og er enn að æfa mér í því æi ég segi sko alltaf orðin svo rangt því ég var bara sko fyrst búin að læra sko mitt stafróf.

Þetta vekur athygli og mikilvægt að hugsa út í að önnur lönd hafa suma stafi sem eru alveg eins og íslenska nema hljóðaðir á annan hátt. Í framhaldi af þessu ákvað rannsakandi að hafa stafrófið á námsvefnum þar sem stafirnir eru hljóðaðir. Þegar rannsakandi las betur yfir viðtölin kom í ljós þátttakendunum fannst öllum stafsetning erfiðust og mjög erfitt að læra stafsetningu með íslensku bekkjarfélögunum.

5.0 Kenningar

Við gerð námsvefs er nauðsynlegt að styðjast við kenningar fræðimanna.

Kenningar Ehri verða hafðar til hliðsjónar við gerð námsvefsins.

5.1 Kenningar Ehri

Kenningar Linnea C. Ehri verða hafðar til hliðsjónar við gerð námsvefsins. Ehri heldur því fram að árangursríkasta leiðin til að lesa og skilja texta sé með sjónrænum lestri, þ.e.a.s. að geta þekkt orð hratt, sjálfvirkt og fyrirhafnarlaust. Fullkomin þekking þarf að vera á tengslum stafs og hljóðs til að hljóðrænn lestur geti átt sér stað. Lesandinn þarf að geta sundurgreint orðin í stök hljóð. Hann þarf t.d. að geta skilið að orðið hús er sett saman úr þremur hljóðum h-ú-s. Kenning Ehri fjallar um það að til að geta náð fullkomnum tókum á lestri þurfi sjónrænn lestur að eiga sér stað. Ehri beinir sjónum frekar að nemandanum fremur en kennsluaðferðunum. Samkvæmt Ehri eru til fjórar mismunandi leiðir til að læra að lesa orð:

1. Hljóðræn umskráning (e. decoding) nemandinn þarf að hafa þekkingu á öllum stöfunum og hljóði þeirra. Hljóðrænt umskráningaferli er þegar nemandinn þekkir myndun máhljóða og framburð þeirra. Hin hljóðræna skráning á sér stað þegar nemandinn „hljóðar“ sig í gegnum orðið staf fyrir staf, t.d. ó-l, eða með því að lesa orðin í bótum sem eru samt sem áður stærri einingar.
2. Hliðstæður/samsvörun (e. analogy) er aðferð þar sem nemandinn ber orðin sama við önnur lík orð. Nemandinn kallar fram sjónræna mynd af orðinu úr minninu þar sem orðin eru sem hann þekkir fyrir og aðlagar það því sem hann ætlar að lesa. Fjöldi fræðimanna hefur sýnt fram á að rím nýtist vel við þessa aðferð en hún krefst engu að síður einherrar færni í hljóðrænni umskráningu.
3. Ágiskun (e. prediction) er þriðja aðferðin við að þekkja orð eða giska á orðið út frá því samhengi sem það er í.
4. Sjónrænn lestur (e. sight – word reading) er fjórða aðferðin. Hún felur í sér að kalla fram sjónræna mynd af orðunum úr langtímaminninu. Nemandinn sér orð, leitar að því í minninu og sjónræn mynd af orðinu kemur í ljós sem felur í sér að hann man stafsetninguna, framburð orðsins og merkingu þess samstundis.

Að mati Ehri er aðferð númer fjögur það ferli sem allir nemendur þurfa að ganga í gegnum til að ná fullkomnum tókum á lestri. Mikilvægt er fyrir nemandann að kalla fram sjónræna mynd orðsins án fyrirhafnar. Nemandinn getur þá borið fram og skilið orðin sjálfur og því er sjónræna leiðin skilvirkasta leiðin til að lesa texta. Þegar nemandi hefur náð sjónrænu aðferðinni bendir ýmislegt til þess að nemandi sé orðinn læs (Ehri og Snowling, 2004, 434–435). Að mati Ehri skiptist þróun lesturs í fjögurra stiga áfanga sem eru:

1. Forbókstafsstig (e. pre alphabetic phase) eða myndastigið þar sem engin tengsl eru við bókstafina. Nemandinn notar ekki bókstafina til að tengja við hljóð stafanna heldur styðst hann við myndrænar vísbendingar úr umhverfinu. T.d. ef barn sér mynd af „húsi“ og undir myndinni stendur orðið „gluggi“ les barn á þessu stigi orðið sem það sér sem er í þessu tilfelli hús. Þetta stig einkennist af því að lesandinn er ekki farinn að beita raunverulegri stafabekkingu. Því er þetta oft kallað myndastigið eins og segir hér að ofan (Ehri og Snowling, 2004, 436–440).
2. Bókstafsstig að hluta (e. partial alphabetic phase) sem eru tengsl stafa og hljóðs að hluta. Nemandinn þekkir t.d. hluta stafanna og getur lesið út frá þeim bókstöfum sem hann þekkir og getur því giskað á orðið út frá samhenginu. Svo tekið sé sama dæmi og úr fyrsta áfanga þá getur barn sem sýnd er mynd af „húsi og undir myndinni stendur „gluggi“ á þessu stigi giskað á hið rétta eða jafnvel lesið orðið gluggi. Á þessu stigi man nemandinn hvernig á að þekkja orðið sjónrænt með því að tengja form sumra bókstafa í orði við hljóð í framburði. Fyrstu og síðustu stafir í orðum eru meira áberandi og man nemandinn sérstaklega eftir þeim. Þetta er kallað hljóðmerkjalestur. Til að nemandi geti munað orð sjónrænt verður hann að þekkja hluta stafrófsins. Hann þarf auk þess að kunna að sundurgreina hljóð (Ehri og Snowling, 2004, 440–441).
3. Fullkomið bókstafsstig (e. full alphabetic phase) á sér stað þegar nemandi man orð sjónrænt með því að mynda nákvæm tengsl milli stafs og hljóðs. Þetta krefst þess að lesarinn þekki alla stafi orðsins og viti hvaða hljóð hver stafur á. Á þessu stigi er nemandinn farinn að nota hljóðaaðferðina skilvirkt og getur hljóðað sig í gegnum orð af mikilli nákvæmni. Hljóðaaðferðin gefur því bestan árangur og er góð leið til að byggja upp sjónrænt minni. Rannsóknir sýna að nemandi þarf að þekkja alla stafi orðsins til að geta lesið og fest orð í sjónminni. Kostur sjónræns

lesturs umfram umskráningu er sá að nemandinn les hraðar og betur (Ehri og Snowling, 2004, 441–442).

4. Heildrænt bókstafsstig (e. consolidated alphabetic phase) á sér stað þegar nemandi er fær um að muna fjölda orða eða orðhluta sjónrænt og man því hvernig þau eru stafsett og getur því lesið án nokkurrar fyrirhafnar. Hann les orðin í heild í stað þess að lesa staf fyrir staf (Ehri og Snowling, 2004, 443–444).

5.2 Umskráningarlíkan (bottom–up model of reading)

Umskráningarlíkan (e. bottom–up model of reading) er önnur kennsluaðferð sem notuð verður við gerð námsvefsins. Þar segir að lestur sé fólgin í umskráningu bókstafa í hljóð og kallast samtengjandi. Þar sem aðferðin byggir á því að tengja smæstu eininguna í orð þarf að byrja á að kenna stafi og hljóð, síðan er unnið með tengingu hljóðanna í orð og að lokum er unnið með orðmyndir, setningar, heildstæðan texta og merkingu texta (Vacca o.fl., 2007, 10–14).

5.3 Tengsl kenninga og umskráningarlíkans

Helsta áhersla Ehri er hljóðræn umskráning, börnin þurfa fyrst að læra að hljóða sig í gegnum orðin, í öðru lagi þurfa þau að þekkja stafina sjónrænt, í þriðja lagi bera saman orðin við önnur orð sem þau þekkja og í fjórða lagi að geta giskað á orðin út frá samhengi textans. Notast er við kenningar Ehri við gerð vefsins og er lögð áhersla á myndrænt námsefni samhliða hljóðrænni umskráningu.

Kennsluaðferðin *umskráningarlíkanið* gerir ráð fyrir að fyrst eigi að byrja á því að breyta smæstu einingunni í orð, næst þarf að kenna stafi og hljóð þeirra og síðan er unnið með tengingu hljóðanna í orð, orðmyndir, setningar, heildstæðan texta og merkingu texta. Til að koma til móts við báðar þessar kennsluaðferðir er stafróf á námsvefnum þar sem nemendur geta smellt á hvern staf og fengið hann hljóðaðan. Þnnig að þegar smellt er á A þá heyrir hljóðið a. Það er auk þess hægt að sjá tengingu við viðtölin sem tekin voru við nýbúana þar sem einn þeirra minntist á að íslenska stafrófið væri mjög líkt og þeirra stafróf nema maður myndi ekki hljóða stafina eins, þá fékk ég þá hugmynd að hljóða stafrófið allt. Til að halda svo áfram með hugmyndir út frá þessum tveim kennsluaðferðum hér að

ofan voru settar myndir af t.d. apa og búnar til smáar einingar úr orðinu api sem yrði þá a-p-i og stafirnir hljóðaðir.

5.4 Tilfinningar

Mikilvægt er að geta tjáð tilfinningar sínar svo aðrir viti hvernig manni líði. Steinunn Birna Bjarnadóttir stóð að þróunarverkefni sem var unnið á leikskólanum Nóa borg frá janúar til maí árið 2000. Þar kom hún inn á verkefni sem hún kallaði *Tilfinningar*, þar notaði hún fimm kanínur þar sem ein var glöð, önnur var hrædd, þriðja var leið, fjórða var reið og fimmta var þreytt. Allir völdu sér svo eina kanínu sem sýndi hvernig þeim leið. Steinunn segir að það sé mikilvægt að geta tjáð líðan sína hvort sem það er með orðum, myndum eða hlutum, þegar barn vantar þessi hjálpartæki á það til að gráta, toga, bíta og slá en verst er ef barnið ákveður að þegja. Þannig að með því að gefa barninu orðin verða fyrstu mánuðirnir miklu einfaldari fyrir það því barnið getur sagt okkur hvernig því líður. Rannsakandi vill koma á framfæri hér þeim fróðleik að einn þátttakandinn sem hann ræddi við hafði lent í því að sparka, bíta og lemja bekkjarfélagana sína fyrstu mánuðina eftir að hann kom til Íslands. Hægt er að velta fyrir sér hvort það hafi stafað að því að hann vissi ekki hvernig átti að tjá tilfinningar sínar (Steinunn Birna Bjarnadóttir, 2000, bls. 16–17). Í ljósi þessa niðurstaðna var ákveðið að hafa tilfinningar á vefnum með myndum af tilfinningum og útskýringar á þeim.

5.5 Aðrar kenningar

Samkvæmt Kristínu Arnardóttur er gott myndasafn ómetanlegt hjálpartæki við lestrarkennslu. Myndræn skilaboð eru oft áhrifameiri en hið talaða orð. Börn með skertan málskilning og nýbúar þurfa sérstaklega á því að halda að hafa myndir til stuðnings lestrarnáminu. Mikilvægt er að kunna rétta lestrarátt sem felst í að fara yfir myndasögur sem sýna ákveðna atburðarás, þannig er hægt að æfa lestrarátt barna. Því sum lönd hafa aðra lestrarátt en börn á Íslandi hafa vanist. Það sem

Kristín segir hér í bók sinni er mjög fróðlegt og eitthvað sem ekki allir hafa hugsað um. Kristín fjallar einnig um rím og hversu góð námsaðferð það er:

Ein besta aðferðin til að beina sjónarhorninu að ytri formgerð málsins eru hvers kyns æfingar með rím. Flest börn hafa gaman af að ríma og að keppast við að finna sem flest rímorð fyrir tiltekið orð. Sum börn eiga erfitt með að átta sig á rími og þá getur verið gott að útbúa myndspjöld með vísbendingum s.s. Lítil mús – skaust inn í ... (mynd af húsi) (Kristín Arnardóttir, 2007, 29).

6.0 Námsvefurinn

Ég vil læra íslensku, hvað með þig? heitir námsvefurinn sem þessi rannsókn er byggð á. Námsvefurinn er ætlaður fyrir nýbúa frá 8 ára aldri. Kennslufræðilegar hugmyndir sem notast er við eru kenningarnar sem sagt var frá hér að framan. Fyrsta stigið á kennsluvefnum er stafrófið, stafrófið er teiknað upp í tölvuforritinu *Paint*. Stafirnir eru svo hljóðaðir hver fyrir sig þar sem mikilvægt er fyrir nýbúa að heyra hvernig stafirnir hljóða svo þeir geti gert sér grein fyrir þeim.

Annað stigið er myndir sem settar eru inn af t.d. húsi ásamt heitinu á myndinni fyrir neðan. Stafirnir eru síðan hljóðaðir og svo lesið orðið. Þetta er gert svo nýbúar geri sér grein fyrir að stafirnir hafa eitthvert ákveðið hljóð og læra svo að búa til orðið og geta séð orðið sjónrænt í minninu. Þriðja stigið er tilfinningar. Þar sem nauðsynlegt er fyrir nemendur að geta sagt hvernig þeim líður verður notast við hugmynd Steinunnar Birnu Bjarnadóttur sem var fjallað um í kafla 5.8. Nýbúarnir eiga að velja myndina sem lýsir þeirra líðan og þegar þeir hafa gert það kemur texti um dæmi hvernig þeim líði og af hverju það gæti verið að þeim líði þannig. Búnar verða til sex myndir af glöðum, hræddum, leiðum, reiðum, sorgmæddum og veikum manni. Fjórða stigið eru litirnir: Gulur, rauður, grænn, blár, svartur, hvítur, fjólublár og brúnn. Sett er mynd fyrir aftan hvern lit t.d. sól fyrir gulan o.s.frv. Fimmta stigið er rím þar sem flestum nemendum finnst skemmtilegt að ríma. Tekið verður mið af upplýsingum Kristínar Arnardóttur þar sem hún bendir á að hafa myndir til að auðvelda nemendum að átta sig á hvað rímar við orð eins og mús og hafa þá mynd af húsi. Á vefnum er mynd af mús og þegar þeir smella á músina heyrðist orðið mús. Sjötta stigið er tengingar þar sem á að tengja orð við önnur orð sem ríma. Sjöunda stigið er myndasaga um kisurnar hennar Ásu. Þar eru myndir settar í rétta röð og texti fyrir neðan þær sem er lesinn frá vinstri til hægri, þetta er gert svo þeir átta sig á því að þeir eiga að lesa frá vinstri til hægri. Áttunda stigið er eyðufylling þar sem er einfaldur texti og þau eiga að fylla í eyðurnar. Slóðin á námsvefinn er <http://nemendur.khi.is/helthoro>. Það er von höfundar að nýbúar hafi gagn og gaman af.

7.0 Samantekt

Í þessari ritgerð hefur verið fjallað um rannsókn sem gerð var á viðhorfum nýbúa til íslenskukennslu á vefnum. Námsvefurinn sem var gerður er búinn til af rannsakanda. Námsvefurinn endurspeglar kenningar fræðimanna og hugmyndir nýbúa. Þegar ritgerðin er lesin yfir á svo að vera hægt að gera sér betur grein fyrir því hversu mikilvæg upplýsingatæknin er í nútímasamfélagi. Í dag má gera ráð fyrir nemendur í íslenskum skólum hafi aðgang að tölvum. Vonandi eiga kennarar og nemendur ekki eftir að eiga í erfiðleikum með að notast við vefsíðuna. Reynt var að styðjast við markmið *Aðalnámskár grunnskóla* við gerð námsvefsins og vísað til stefnu ríkisstjórnarinnar frá árunum 2004–2007 en hún gæti ekki lýst betur þeim gríðarlegu breytingum sem verið hafa í upplýsingatækni síðustu ár.

Í aðferðafræðikaflanum var greint frá rannsóknarsniðinu, framkvæmd rannsóknarinnar, þátttakendum og gerð grein fyrir áreiðanleika, réttmæti og siðferðilegum þáttum rannsóknarinnar. Viðtölin sem tekin voru benda til að mikilvægt sé að búa til námsvef fyrir nýbúa til að læra íslensku. Niðurstöður benda einnig til að það gæti verið gagnlegt að nota hljóð þannig að nýbúar geti heyrt hvernig stafirnir hljóða. Tilgáta rannsakanda var ekki fjærri lagi, þó var öllum nýbúum kennd íslenska þannig að þau fengu myndir og fyrir neðan myndina stóð heitið á myndinni. Þessa aðferð hafði rannsakandi ekki heyrt um áður en vildi endilega setja þessa aðferð á vefinn. Þessi aðferð á líka við rök að styðjast samkvæmt umskráningarlíkaninu og kenningum Ehri þar sem sjónrænn lestur er mjög mikilvægur og Ehri talar sérstaklega um myndir og orð fyrir neðan þær. Það var fleira sem rannsakandi hafði ekki gert sér grein fyrir og það var hversu mikilvægt rímið er, eins og kom fram þar sem vitnað var til Kristínar Arnardóttur hér að ofan. Kristín talaði einnig um að kennarar verði að átta sig á því að nemandinn veit ekki endilega að hann eigi að lesa frá vinstri til hægri þótt það eigi við um íslensku. Steinunn Birna segir frá því hversu nauðsynlegt er fyrir nýbúa að geta tjáð sig og talað um hversdagslega hluti. Hún leggur þó sérstaka áherslu á tilfinningarnar sem rannsakanda fannst mjög merkilegt og hafði því miður ekki

hugsað út í að hafa það á námsvef sínum áður en hann kynnti sér það þróunarstarf. Eins og fram kom í kaflanum um tilfinningar er mikilvægt að barnið geti tjáð sig. Dæmið í kaflanum um viðmælandann sýnir líka hversu slæmar afleiðingarnar geta verið ef barnið veit ekki hvernig það á að haga sér. Eftir þessar vangaveltur og lestur um þróunarstarf Steinunnar var ekki hjá því komist að setja inn myndir af tilfinningum okkar og segja hvað þær heita á íslensku. Það er mikilvægt fyrir alla að geta tjáð tilfinningar sínar og ekki síður mikilvægt fyrir nýbúa sem koma til nýs lands þar sem menningin er allt önnur en þeirra. Þeir kunna ekki tungumálið og geta ekki sagt kennaranum hvernig þeim líður í raun og veru.

8.0 Heimildir

Aðalnámskrá grunnskóla: almennur hluti. (1999). Reykjavík: Menntamálaráðuneyti. Skoðað 11. desember 2008 á <http://bella.stjr.is/utgafur/AGalmennurhluti.pdf>.

Aðalnámskrá grunnskóla: almennur hluti. (2006). Reykjavík: Menntamálaráðuneyti. Skoðað 11. desember 2008 á http://bella.stjr.is/utgafur/AGuppl_tækni.pdf.01.02.09.

Ehri, L. C. og Snowling, M. J. (2004). Developmental Variation in Word Recognition development and disorders. Í Stone, C. Sillman, E. Ehren B og Apel K. (ritstjórar) *Handbook of language and literacy*. New York: Guilford Press.

Kozma, R.B. (1994). A Reply: Media and Methods. Í Ross, S.M. og Higgins N (ritstjórar), *Educational Technology: Research and Development* (bls. 11-14). Washington: Association for Educational Communication & Technology.

Kristín Arnardóttir (2007). *Ég get lesið: handbók um fyrstu skrefin í lestrarnámi ungra barna fyrir leikskóla, grunnskóla og heimili*. Reykjavík: www.steinn.is.

Liu, M. Moore, Z. Graham, L. Lee, S. (1990-2000). *A Look at the Research on Computer-Based Technology Use in Second Language Learning: Review of Literature from 1990-2000*. Skoðað 3. mars 2009 á

http://www.eric.ed.gov/ERICWebPortal/custom/portlets/recordDetails/detail_mini.jsp?_nfpb=true&_ERICExtSearch_SearchValue_0=EJ657828&ERICExtSearch_SearchType_0=no&accno=EJ657828.

Mannfjöldi eftir uppruna, kyni, aldri og ríkisfangi 1996-2008. (2008).
Reykjavík: Hagstofa Íslands. Skoðað 3. Mars 2009 á
<http://hagstofan.is/Hagtolur/Mannfjoldi/Rikisfang-Faedingarland>.

McClintock, R. (1997). *Educating for the 21st Century*. Columbia University.
Sótt 5. mars 2009 á
<http://www.ilt.columbia.edu/mcclintock/akademie3000/index.html>.

McMillan, J. H. (2008). *Educational Research: fundamentals for the consumer*. United States of America: Pearson.

Sigríður Sigurjónsdóttir. (2000, mars). Nokkur orð um máltöku barna:
Uppeldi: Tímarit um börn og fleira folk, bls. 30-33.

Sigurjón Mýrdal. (1996). Tæknimenning eða menningartækni: Fyrst er að vilja; afgangurinn er tækni. Sótt 5. apríl á
<http://www.simnet.is/annalar/val01/sigurjon/taeknimenning-menningartaekni-drog1996.htm>.

Somekh, B. og Underwood, J. Convery, A. Dillon, G. Jarvis J. Lewin, C. Mavers, D. Saxon, D. Sing, S. Steadman, S. Twining, P. Og Woodrow, D., (2007). Final Report. *Evaluation of the ICT Test Bed project: Key findings. England: Manchester Metropolian University og Nottingham Trent University* Skoðað 2. febrúar á
http://www.ictliteracy.info/rf.pdf/test_bed_evaluation_2006_workforce.pdf

Stefna ríisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið (2004–2007). *Auðlindir í allra þágu*. Reykjavík: Forsætisráðuneyti. Skoðað 3. mars 2009 á <http://www.forsaetisraduneyti.is/upplýsingasamfelagid/Stefnaogframkvaemd/nr/1287>.

Stefna ríkisstjórnar Íslands um upplýsingasmfélagið. (2008–2012) *Netríkið Ísland*. Reykjavík: Forsætisráðuneyti. Skoðað 3. Mars 2009 á http://www.forsaetisraduneyti.is/media/frettamyndir/NETRIKID_ISLAND_stefnuskra.pdf.

Steinunn Birna Bjarnardóttir (2000). *Börn foreldra af erlendum uppruna og íslenskan*. Reykjavík: Kennaraháskóli Íslands.

Tæknibúnaður heimila 2002–2008. (2008). Reykjavík: Hagstofa Íslands. Skoðað 3. mars 2009 á <http://hagstofan.is/?PageID=693&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=SAM07201%26ti=T%E6knib%FA%F0ur+heimila+2002%2D2008+%26path=../Database/ferdamal/UTheimili/%26lang=3%26units=Hlutfall>.

Walpole, P.S. og Mckenna, M.C. (2007). *„Differentiated Reading Instruction: strategies for the primary Grades“*. New York: The Guilford Press.